

- 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þrír kosnir af bæjarstjórn og tveir tilnefndir af stærstu samtökum launafólks á Seyðisfirði. Nefndin fer með stjórn og samræmingu á félagslegu húsnæði í umboði bæjarstjórnar.
15. *Framtalsnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Framtalsnefnd skal yfirfara álagningu bæjargjalda frá skattstjóra og gera athugasemdir ef þurfa þykir.
 16. *Umferðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Umferðarnefnd hefur forgöngu um skipulag umferðarmála í samráði og samvinnu við byggingar-/skipulagsnefnd.
 17. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
 18. *Búffjareftirlitsmaður*. Einn og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búffjánhald.
 19. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands. Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
 20. *Heilbrigðismálaráð Austurlands*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi skv. 7. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
 21. *Samband íslenskra sveitarfélaga*. Einn fulltrúi og einn varafulltrúi á landsþing.
 22. *Stjórn Tækniminjasafns*. Einn aðalmaður og annar til vara. Samkvæmt skipulagsskrá safnsins.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seyðisfjarðar hefur sett samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 14. febrúar 1994.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 281/1980 um flokkun loftfara.

1. gr.

Greinar 4.1.2 og 4.1.3 orðist svo:

- 4.1.2. Undir deildina „almennt“ í normalflokki heyra loftför sem fullnægja einhverjum neðangreindra hönnunarákvæða:
- a) Þegar um er að ræða svifflugur og hreyfilsvifflugur:
JAR-22 Sailplanes and Powered Sailplanes, Luftfahrt Bundesamt Lufttüchtigkeitsforderungen für Segelflugzeuge und Motorsegler (LFSM) og British Civil Airworthiness Requirements Section E, Sub-Section E 2.
 - b) Þegar um er að ræða flugvélar:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 23 Airworthiness Standards: Normal, Utility and Acrobatics Category Airplanes.

- c) Þegar um er að ræða þylur:
US Federal Aviation Regulations (FAR) Part 27 Airworthiness Standards: Normal Category Rotorcraft, og
- d) Önnur hönnunarákvæði sem Flugmálastjórn samþykkir til flokkunar eftir prófun í sérhverju tilviki.

4.1.3 Undir „sérflokk“ falla loftför, sem

- a) Ekki eru álitin fullnægja alveg hönnunarkröfum um lofthæfi, skv. ákvæðum sem fram koma í 4.1.1 og 4.1.2, en hafa með því að fullnægja fastákveðnum eða sérstaklega viðurkenndum lofthæfiskröfum, sem settar eru af Flugmálastjórn, náð fullnægjandi lofthæfi með hliðsjón af notkuninni, eða sem
- b) hafa áður verið skráð í öðrum deildum en eru starfrækt við önnur skilyrði (álag, umhverfi m.m.) en þau sem upphaflega voru lögð til grundvallar við skráningu.

Þær takmarkanir á notkunarviði loftfars, sem ákveðnar eru í hlutaðeigandi tilviki, skal færa inn í flughandbók loffarsins og/eða eru hluti af rekstrarfyrirmælum þess.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 26. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 7. febrúar 1994.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

10. febrúar 1994

Nr. 79

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Hvammstanga árið 1994.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvammstangahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1994 sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Íbúðir			Sorphirðugjald	kr.	4 450
B) Fyrirtæki	flokkur	a)	Sorpeyðingargjald	“	4 450
	“	b)	“	“	13 350
	“	c)	“	“	22 250
	“	d)	“	“	53 400
	“	e)	“	“	111 250
	“	f)	“	“	222 500
	“	g)	“	“	249 200

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka.